

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 824/2001 um Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fjórðu grein um stjórn:

Fyrsta mgr. hljóðar svo:

Deildarfundur í viðskipta- og hagfræðideild skipar Viðskiptafræðistofnun fimm manna stjórn til þriggja ára í senn og skal einn fulltrúi vera stúdent sem tilnefndur er af félagi framhaldsnema í viðskiptafræði.

Þriðja mgr. hljóðar svo:

Sé ekki ráðinn forstöðumaður til stofnunarinnar kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunar.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett, að fengnum tillögum háskóladeilda og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 10. maí 2007.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.